

UNDIR MORGUN

(Beyond Spiritism and Antispiritism)

I

Fyrir nokkru kom til mín maður, mér lítt kunnur, en þó að góðu einu. Kvaðst hann eiga við mig skritið erindi. Hann hafði stundað sambandstilraunir við „andaheiminn“, og „andi“ hafði sagt honum, að hann skyldi fara að tala við mig, ég mundi geta frætt hann á sumu, sem honum riði á að vita. Ég hefi ekki skrifað hjá mér orð mannsins, en ég held þetta sé rétt munað efnið í því, sem hann sagði. Og andinn hafði rétt fyrir sér. Maðurinn gat hjá mér fræðst um sitt-hvað, sem mikið ríður á að vita. Og fleiri geta það. Ég get t.a.m. sagt mönnum, að það, sem þeir halda, að sé samband við andaheim, er samband við lífið á öðrum hnöttum. Og það er ekki auðvelt að nefna það, sem meira sé komið undir að vita. Þegar þessi sannleikur verður viðurkenndur, munu á tíu árum verða meiri framfarir í þekkingunni á tilgangi lífsins og því, sem menn hafa kallað lífið hinum megin, heldur en á tíu þúsund árum áður. Og þó að lengri tími væri tiltekinn. Allan aldur mannkynsins áður væri óhætt að nefna.

Hafi þeir nú heilræði, sem hér í Reykjavík stunda samband við „anda“, og víðar, ef slíkum kemur fyrir augu, það sem hér er ritað. Spyrji þeir „andana“, sem þeir tala við, hvort þeir eigi ekki heima á öðrum hnetti. Ef hugarfarið á miðilfundinum bannar ekki, munu „andarnir“ segja, að svo sé. En ef einhver af fundarmönnum (the sitters) er alveg sannfærður um, að það geti ekki átt sér stað, að „andarnir“ eigi heima á öðrum hnöttum, ef hugsunarháttur hans er svo miðaldalegur, að honum þykir viturlegra að gera ráð fyrir lífi í andaheimi, heldur en lífi á öðrum hnöttum, þá geta

„andarnir“ ekki „komið í gegn“ því, sem þeir vildu sagt hafa um bústað sinn. Menn gætu líka reynt að spyrja „andana“, hvort dr. Helgi Pjeturss hafi ekki rétt fyrir sér. Munu þeir segja, að svo sé, ef ekki er einhver viðstaddur tilraunina, sem er alveg sannfærður um, að nefndur doktor hafi rangt fyrir sér. „Andi“, sem segði, að ég hefði rétt fyrir mér, og tæki það fram, að hann ætti heima á öðrum hnetti, mundi tala margt stórum fróðlegar, en nokkurn tíma hefði áður talað verið fyrir miðils munn.

II

Eðli þess, sem menn kalla samband við anda, er mér ekki dularfullt. Athuganir, sem ég hefi stundað meir en 17 ár, hafa leitt til þess, að ég hefi fundið þau undirstöðulögmál, sem þar koma til greina. Fyrstu rannsóknarferð mína fór ég fyrir 22 árum. Þó að ég biði heilsutjón í ferðinni, svo að ég hafði ekki meir en hálfu orku, þegar best lét, fann ég, byrjandinn, það, sem einn af meisturum þeirrar vísindagreinar, er skömmu áður hafði skoðað nokkuð af rannsóknarsvæði mínu, hafði sagt, að þar væri ekki að finna. Ýmsar aðrar nýjar athuganir gerði ég. Og ég hefi alltaf síðan, á hverju því svæði, sem ég hefi rannsakað nokkuð til muna, fundið eitt-hvað nýtt. Ef þesskonar menn segja, að þeir hafi gert einhverjar jafnvel mjög merkilegar uppgötvanir, þá er miklu viturlegra að vera ekki sannfærður um, að þeir hafi rangt fyrir sér. Er þetta ekki sagt fyrir fordildar sakir, heldur til að spyrna á móti sumum broddum, sem ég ætla mér að spyrna niður.

Fyrir manninn, sem er viðurkenndur og hefir góðar ástæður til að koma fram starfi sínu, er sjálfsagt að láta ekki mikið yfir sér, og tala heldur um, að hann viti lítið.

En allt öðru máli er að gegna um manninn, sem á mis-skilningi að mæta svo megnum, að starfi hans og lífi er hætta búin. Ef sá maður lætur ekki hugfallast, þá tekur hann þá erfiðu leið, að segja sjálfur sumt það, sem bróðir mundi segja, ef að baki væri, eða þeir vinir, sem sá, er skapar nýjar hugsanir, á vanalega ekki.

Þeim, sem miðiltíraunir stunda, ríður hið mesta á að vita, að heilar fundarmanna hafa bein áhrif á heila miðilsins, og ráða því, hvernig „andasambandið“ verður, og hvað það er, sem miðillinn segir. Lögmálið er í fáum orðum þannig: áhrif fundarmanna (the sitters) á miðil skapa áhrifin frá x á miðilinn. En x er það, sem spiritistar hyggja vera andaheim. Ef miðilstíraunamenn veita því vel eftirtekt, hvernig lögmál þetta lýsir sér, munu þeir oft fróðlega geta athugað, hvernig nýr fundarmaður framleiðir (inducerar) nýjan „anda“ í miðlinum.

IV

Hér ræðir um svo mikið mál, að ef skilningur næst, mun verða líkt og þegar dagur ljómar eftir dimma nótt og kalda. Þá mun bráðum verða lokið slysaöld þessari hinni miklu. En ef menn hafna höfuðsannindum, þá er enn illra tíðinda von, og verri og verri. Ekkert er eins háskasamlegt til lengdar, eins og að vera á móti sannleikanum. En saga þekkingarinnar sýnir nógsamlega, hversu mönnum hefir á jörðu hér hætt við að vera þeim mótsnúinir eða að minnsta kosti fráhverfir, sem mest leituðu sannleikans og helst fundu hann. Það er lögmál í mannkynssögunni, að því stórkostlegri sem þau sannindi eru, sem menn hafna, því geigvænlegri eru þau slysaél, sem yfir koma. Á 16. öldinni, og um þau aldamót, voru leidd í ljós stórmerkileg sannindi, sem mjög miðuðu til að bæta lífið á jörðu hér. En menn brugðust illa við því. Þú ert vitlaus, sögðu þeir við Brúnó og brenndu hann síðan. Galilei létu þeir í varðhald. Kepler vann svo án launa, að hann svalt, sumir segja til bana. Og 17. öldin varð hörmungaöld meiri en nokkur áður; aldrei hafði áður á jörðu hér verið þjáðst alveg eins hryllilega. Einnig á Íslandi varð öldin svo erfið, að íslenskt líkamsatgervi hefir aldrei náð sér alveg síðan.

V

Nú eru enn tímamót. Og meiri en nokkru sinni áður. Fyrir átta árum, 1911, nokkrum mánuðum eftir að stofnað hafði

verið austur í löndum félag, sem kalla má, að hafi þann tilgang, að styðja að þýðingarmiklum hugsunum, ef fram kæmu, var hér fyrst farið að vekja máls á sannindum, sem meir miða til að bæta hag mannkynsins, en allt, sem fundið hefir verið áður. Engum kom í hug, hvort þessar nýju hugsanir kynnu ekki að eiga eitthvað skylt við þau tíðindi, sem svo margar þúsundir höfðu haft eitthvert hugboð um, að von væri á. Miklu fremur héldu menn, þó að vissulega væri ekki ruglslega ritað, að þetta væri eitthvert rugl. Mönnum fór að þessu leyti, eins og svo oft áður, og þeir létu sér ekki að kenningu verða, að einmitt þannig hafði of ógreind samtíð áður dæmt um merkilegustu hugsanir, sem í ljós höfðu verið látnar á jörðu hér. Menn tóku þá stefnu, sem öfugust er.

Og öldin snerist til slysa. Aldrei hefir á jörðu hér verið eins myrt og meitt og spillt, eins og á þessum árum, sem hefðu getað verið svo fögur, ef menn hefðu viljað þiggja sannleikann. Og þó eru þessi ósköp, sem á hafa dunið, varla meir en gustur hjá því, sem í vændum væri, ef menn héldu áfram að hafna sannleikanum. Mundi þá stefnt verða meir og meir til sambands við þær myndir lífsins, sem ferlegastar eru fjandsamlegastar. En þaðan er það, sem drepsýklar eru magnaðir og allt hið illa.

Morgunblaðið, 13. maí 1919.